

Reikningsskilaráð ríkisins

66. Fundur – 5. okt 2022 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Björn Þór Hermannsson.
- Björn Rúnar Guðmundsson og Brynjar Örn Ólafsson frá Hagstofunni.
- Guðmundur Björgvin Helgason og Ingi Kristinn Magnússon frá Ríkisendurskoðun.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 65. fundar var samþykkt.

2. Staðlar og álitamál

Sjá umfjöllun undir lið nr. 4.

3. Erindi beint til ráðsins

Framsetning á skuldbindingum og framlögum til Uppbyggingarsjóðs EES EFTA og til samstarfsáætlana ESB í fjárlögum, ríkisreikningi og fjármálaáætlun

Fram kom að málið er í vinnslu hjá vinnuhópi ráðsins.

4. Mál til umræðu og kynningar

Farið yfir meðfylgjandi málum

- Janúar - júní uppgjör. Farið yfir uppgjórið sem er fyrsta uppgjórið sem birt er á þessu ári vegna breytinga á skipan ráðuneyta í Stjórnarráðinu. Farið m.a. yfir afkomuna á IPSAS og GFS.
- Ríkisreikningur 2022. Rætt um vinnuna sem á sér stað við ríkisreikning fyrir árið 2022.
- Bundið eigið fé, fjallað um að bundið eigið fé er enn hjá nokkrum ríkisaðilum í a-hluta ríkissjóðs og næstu skref við að koma því úr reikningum félaga.

5. Ákvarðanir og úrskurðir

Engar ákvarðanir teknar til umræðu.

6. Önnur mál.

Hagstofan fór yfir drög að samkomulagi Hagstofunnar, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og innviðaráðuneytisins sem fer með sveitastjórnarmál. Heiti draga er „Samkomulag um réttmæti og tímanleika tölfraði um fjárhag hins opinbera“, sem tekur á sameiginlegri ábyrgð samkomulagsaðila á hagskýrslugerð og skilum til hlítingar evrópureglugerða og innlendra laga. Í samkomulaginu er ábyrgð Hagstofunnar formfest hvað varðar aðferðafræðilega og tæknilega ráðgjöf. Með samkomulaginu eru viðaukar, og tekur einn þeirra til allra upplýsinga sem óskað er eftir við gerð alþjóðlegra þjóðhagsreikninga (GFS/ESA).

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.

Næstu fundir verða 2. nóvember, 7. desember og 11. janúar nk.